

# ENDURREISN ÓLAFSDALS - ÓLAFSDALSHÁTÍÐ 2023



## Sveitarfélagið Dalabyggð

c/o Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri

Miðbraut 11, 370 Búðardal

7. nóvember 2022

Ólafsdalsfélagið var stofnað í júní 2007 og verður því 16 ára á næsta ári. Í því eru nú yfir 300 félagsmenn. Félagið hefur frá þeim tíma unnið að endurreisn Ólafsdals við Gilsfjörð, sem er einn merkasti menningarminjastaður í Dölum og við Breiðafjörð. Félagið aflaði þannig um 70 milljóna króna á árunum 2008-2022 til að vinna að endurreisn Ólafsdals og til sumarreksturs staðarins. Félagið hefur auk þess lagt fram sjálfböðavinnu sem meta má á yfir 30 milljónir. Vinna og framlög félagsins skiluðu því að gengið var frá samningi við Minjavernd og fjármálaráðuneytið í ágúst 2015 um mikla uppbyggingu í Ólafsdal sem vænst er að ljúki á næstu 4-5 árum og að rekstur í fimm húsum hefjist sumarið 2024. Er sú uppbygging metin á allt að 1,5 milljarð króna og mun verða mikil lyftistöng fyrir Dalabyggð og nágrenni.

Deiliskipulagi Minjaverndar fyrir framkvæmdsvæðið og vandaðri fornleifaskráningu á deiliskipulagssvæðinu lauk árið 2017. Komu þá m.a. í ljós fornar rústir innar í Ólafsdal. Stærsta byggingin, 140 m<sup>2</sup> landnámsskáli, er frá 9.-10. öld. Yfir 1000 ára saga Ólafsdals var þar með staðfest. Hefur Fornleifastofn Íslands nú rannsakað minjasvæðið í fimm sumur og stefnir á að halda áfram 2023. Árið 2019 lauk Minjavernd við að reisa mjólkurhúsið í Ólafsdal (frá 1890), fjósið árið 2020 (frá 1898), smiðjuna ásamt nýju þjónustuhúsi árið 2021. Nú eru unnið að endurbótum á skólahúsinu sjálfu. Með borunum fannst um 30°C vatn í Ólafsdal sem verður rekstri staðarins mikilvægt. Jafnframt fékkst 47 milljóna kr styrkur úr innviðasjóði til innviðaupbyggingar í Ólafsdal (bílastæði, palla- og stígagerð, fræðslustígur o.fl.).

Ólafsdalsfélagið mun samkvæmt samningnum frá 2015 áfram gegna lykilhlutverki við að miðla sögu og menningu staðarins. Jafnframt mun félagið sjá um rekstur og fræðslu í Ólafsdal sumarið 2023 eins og það hefur gert öll sumur 2008-2022, standa að Ólafsdalshátíð í júlí 2023 og almennri kynningu á staðnum. Metaðsókn var að Ólafsdal á opnunartíma sumarið 2022 þannig að tvo starfsmenn þurfti til að sinna gestunum. Margir lögðu leið sína að minjasvæðinu og meðaldvöl gesta var um 90 mínútur. Listsýningar voru bæði innan- og utandyra. Þá var mjög góð aðsókn að Ólafsdalshátíð 2022 sem haldin var í blíðviðri 16. júlí (sjá meðfylgjandi myndir).

## Áætlun um helstu verkefni Ólafsdalsfélagsins árið 2023 og kostnað við þau:

- |                                   |              |
|-----------------------------------|--------------|
| • Sumarrekstur í Ólafsdal 2023    | 1.800.000 kr |
| • Ólafsdalshátíð 2023             | 2.300.000 kr |
| • Undirbúningur vegna útgáfumála. | 600.000 kr   |

**Ólafsdalsfélagið sækir því um 1.200.000 kr styrk frá Dalabyggð til verkefna á árinu 2023.**

F.h. stjórnar. Virðingarfyllst,

Rögnvaldur Guðmundsson, formaður.

s. 693 2915